

Reglugjörð

138
15. des.

fyrir Strandasýslu um refeyðingar, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl.

I. kafli.

Um eyðingu refa.

1. gr.

Fyrir hvert gren sem finst og yrðlingar eru í þegar skotmaður kemur í það, getur hreppsnefnd, ef henni þykir við eiga, greitt alt að 4 kr. í fundarlaun, og hæfilega þóknun ber henni að greiða fyrir að tilkynna hreppsnefnd eða ráðnum skotmanni að grenið sje fundið.

Heimilt er og hreppsnefnd að ráða menn til grenjaleita, þyki henni ástæða til, og að launa þeim af sveitarsjóði fyrir leitina.

Skotmaður skal ávalt vera með í slikri leit ef unt er.

2. gr.

Í hvert sinn er gren finst skal tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi hreppsnefnd, sem þegar tilkynnir það skotmanni, er hún fyrirfram hafi ráðið til grenjavinslu í sveitinni. Öll vanræksla í þessu efni varðar sektum.

3. gr.

Fyrir sólarhring hvern er skotmaður liggur á greni ber honum 3 kr. í kaup og vökumanni sömuleiðis sje hann verkfær maður, ella minna, en sjálfir sjái þeir sjer fyrir fæði. Fyrir fyrra dýrið sem skotmaður vinnur á greni fær hann 4 kr, en 8 kr. fyrir það síðara. 50 aurar greiðist fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni, þeim er vinnur.

Til sannindamerkis skal afhenda hlutaðeigandi hreppsnefnd skottin af tófum og yrðlingum er unnist hafa á greni, sem þá verða eign sveitarsjóðs.

Skotmaður á enga heimtingu á kaupí eða verðlaunum, nema hann hafi farið á grenið að tilhlutun hlutaðeigandi hreppsnefndar.

4. gr.

Ekki skal gjalda skotmanni kaup fyrir að liggja á greni lengur en 3 sólarhringa. Yfirgefi hann grenið innan þess tíma án gildra orsaka, fyrirgerir hann daglaunum sínum, nema hann hafi unnið bæði dýrin. Þó skotmaður liggí á greni eftir að dýrin eru unnin, til að ná yrðlingum, greiðast honum engin daglaun. Áður en skotmaður yfirgefur gren, skal hann eittra rækilega fyrir þá yrð-

138 linga sem lifandi kunna að vera í greninu. Vanræki hann það, fyrirgerir hann 15. des. daglaunum sínum og verðlaunum.

Hreppsnefnd sjer skotmanni fyrir eitri í þessum tilgangi.

5. gr.

Sektir liggja við að rjúfa gren eða spilla þeim á annan hátt. Álíti hlutaðeigandi reyndur skotmaður að það sje hagfelt, skal hreppsnefnd, eftir fyrirsögn hans, láta gera byrgi eða skothús á grenjum þeim, er refir liggja venjulega í.

6. gr.

Fyrir að vinna bitvarg getur hlutaðeigandi hreppsnefnd heitið sjerstökum verðlaunum, er greiðist úr sveitarsjóði.

7. gr.

Hreppsnefnd hvers hrepps skal árlega ráða einn eða tvo menn til að annast um eitranir fyrir refi innan hreppsins. Sjeu mennirnir tveir, skal hver þeirra hafa ákveðinn hluta hreppsins til að annast um eitrun í. Menn þessir skulu ráðnir fyrir fast ákveðið umsamið kaup. Hreppsnefndin leggur fyrir þá, hvernig haga skuli eitruninni, og ákveður, hve víða og hve oft skuli eittra í hreppnum. Heimilt er refeyðingamönnum þessum að taka menn sjer til aðstoðar á sinn kostnað og á sína ábyrgð. Fullnægi refeyðingamaður ekki skilyrðum þeim er hreppsnefndin setur um eitrunina, fyrirgerir hann kaupi sínu.

Hreppsnefndin hefir eftirlit með starfi refeyðingamanna, og sendir hann henni árlega nákvæma skýrslu um eitrunina og árangur hennar, og skulu þær skýrslur leggjast fyrir sýslunefndina til athugunar.

Endurskoðunarmaður hreppsreikninganna skal sjerstaklega athuga það, hvort lagt hafi verið fram af sveitarsjóðum fje til eitrana í hreppnum, og geri athugasemdir við, ef svo er eigi.

8. gr.

Sýslunefndin skal árlega útvega nægilegt eitur til útbýtinga meðal hreppsnefndanna til að eittra fyrir refi, skal andvirði þess greiðast af sýslusjóði. Allur annar kostnaður, er af refaeyðingu leiðir, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

II. kafli.

Um tófueldi.

9. gr.

Hver sem óskar að ala upp yrðlinga, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni. Hver sem byrjar á yrðlingaeldi án leyfis sýslumanns, er sekur alt að 50 kr., og yrðlingar hans rjettdræpir.

10. gr.

138

15. des.

Yrðlingaeldi skal algerlega bannað, nema í eyjum er liggja nægilega langt frá landi og í húsum með steinlimdum eða járnvörðum veggjum að innan, með steinlimdu gólfi og öruggum umbúnaði um glugga og dyr.

Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni taka hús þessi út og meta hvort fulltryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi, og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri þegar í stað kæra það fyrir sýslumanni, er þá getur þvingað tófueldismann til að bæta úr göllunum með sektum alt að 50 kr.

Úttektir þessar borgar tófueldismaður eins og venja er til um aðrar úttektir.

11. gr.

Þeir, sem ala tófur í eyjum, skulu jafnt sem aðrir skyldir til að hafa hús útbúin samkvæmt 10. gr. til að ala í yrðlinga sína, þar til þeir eru fluttir í eyjarnar. Yrðlingar, sem lifandi kunna að vera í eyjum eftir 14. febrúar, skulu rjett-dræpir af hverjum sem er. Sannist það að tófur sjeu lifandi í eyjum eftir 15. mars, er tófueldismaður sekur um 50—200 kr. eftir málavöxtum. Helmingur sektarinnar rennur til uppljóstrarmanns, en helmingur í hreppssjóð þess hrepps, sem eyjan liggur undir.

12. gr.

Tófueldismaður skal árlega setja hreppstjóra örugt veð eða ábyrgð fyrir yrðlingaeldinu, er nemi kr. 15.00 fyrir hvern yrðling, er hann eða sýslumaður tekur gilda. Vanræki tófueldismaður að setja þessa tryggingu er hann sekur um alt að 50 kr., er renni í hreppssjóð.

13. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með tófueldi í sínum hreppi. Skal hann á hverju sumri, hið fyrsta eftir að tófur eru komnar í eldi, fara til og telja yrðlinga þá, sem tófueldismaður hefir á eldi, og lita um leið eftir að frágangur tófuhúsanna sje í góðu lagi. Þegar tófudrápi er lokið, skal hreppstjóri gera aðra skoðun; leggur þá tófueldismaður fram refabelgina til talningar. Vanti nokkuð í töluna frá því um vorið, tilkynni hreppstjóri það þegar sýslumanni. Sektast tófueldismaður fyrir hvern yrðling sem ávantar svo sem hann hefði sloppið. En undanþegnir þessum sektum eru þeir, sem alið hafa tófurnar í eyjum, ef þeir sanna með gildum vottum, að euginn yrðlingur hafi sloppið — af þeim er þeir tóku til eldis — áður en þeir voru fluttir til eyja. Eftirlitsferðir þessar borgist hreppstjóra með 2 kr. úr hlutaðeigandi hreppssjóði fyrir hvora ferð.

14. gr.

Fyrir hvern yrðling, sem sleppur frá tófueldismanni, greiðir hann 50 kr. í sekt. Sama sekt greiðist fyrir hvern yrðling, sem sleppur lifandi í flutningum frá grenjum til tófueldishúsa. Er aðgangurinn með sektina að eiganda yrðlings-

138 ins eða umboðsmanns hans, sem yrðlinginn hefir í vörslum. Helmingur sektanna
15. des. rennur til uppljóstrarmanns, en hinn hlutinn í hrepps sjóð þess hrepps, þar sem yrðlingurinn sleppur.

15. gr.

Hafi hreppstjóri tófueldi með höndum, eða sje vandabundinn tófueldis-
manni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað til að hafa á
hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

III. kafli.

Um fjármörk og markaskrár

16. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fje sínu.
Aðfengið fje skal hann marka upp undir eyrnamark sitt, annars að brennimerkja
þær kindur sem hyrndar eru, en festa spjald eða plötu með skíru eignarmerki í
eyrun á kollóttu fje.

17. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta að minsta kosti 5. hvert ár, og skal
hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brenni-
mörkum í hreppnum og setja þau saman eftir stafrófsröð í greinilega skrá. Í því
skyni skal sjerhver markeigandi skyldur til að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd
greinilega frá eyrna- og brennimarki sínu. Sjerhver fjáreigandi greiðir 25 auru
fyrir hvert mark, hafi hann egi nema 3 að brennimarki meðtöldu, en 2 kr. fyrir
hvert mark, sem þar er fram yfir. Hreppsnefndin sendi síðan sýslunefndinni
skrárnar, er annast um að ein skrá sje samin yfir öll mörk í sýslunni eftir því
formi er hún ákveður. Markagjöldin renna í sýslusjóð, en hann greiðir aftur á
móti kostnað við samningu og prentun skrána.

18. gr.

Sýslu- hreppa- og bæjamörk fyrir Strandasýslu skulu prentuð með marka-
skránni. Öll þessi mörk eru brennimörk og eru þau þessi:

- a. Sýslumark.
Str. = Strandasýsla.
- b. Hreppamark.
Str. 1. = Bæjarhreppur
Str. 2. = Óspakseyrarhreppur.
Str. 3 = Fellshreppur.
Str. 4 = Kirkjubólshreppur.

Str. 5 = Hrófbergshreppur.

Str. 6 = Kaldrananeshreppur.

Str. 7 = Árneshreppur.

c. Bæjamörk.

138

15. des.

Str. 1. Bæjarhreppur.

1. Str. 1.	Gilhagi.	15. Str. 1.	Bakkasel.
2. —	Grænamýri.	16. —	Hrafnadalur.
3. —	Melar.	17. —	Ljótunnarstaðir.
4. —	Fagrabrekka.	18. —	Prestsbakki.
5. —	Fjarðarhorn.	19. —	Kollsá.
6. —	Valdasteinsstaðir.	20. —	Stóra-Hvalsá.
7. —	Borðeyrartangi.	21. —	Litla-Hvalsá.
8. —	Borðeyri.	22. —	Borgir.
9. —	Kjörseyri.	23. —	Kolbeinsá.
10. —	Kvíslar.	24. —	Guðlaugsvík.
11. —	Laxárdalur.	25. —	Skálholtsvík.
12. —	Hlaðhamrar.	26. —	Miðhús.
13. —	Bær.	27. —	Heydalur.
14. —	Jónssel.		

Str. 2. Óspakseyrarhreppur.

1. Str. 2.	Þambárvellir.	7. Str. 2.	Einfættingsgil.
2. —	Þórustaðir.	8. —	Gröf.
3. —	Brunngil.	9. —	Hvítahlið.
4. —	Snartartunga.	10. —	Bræðrabrekka.
5. —	Óspakseyri.	11. —	Skriðnessenni.
6. —	Krossárþakki.		

Str. 3. Fellshreppur.

1. Str. 3.	Broddadalsá.	7. Str. 3.	Miðhús.
2. —	Broddanes.	8. —	Steinadalur.
3. —	Stórafjarðarhorn.	9. —	Ljufustaðir.
4. —	Þrúðardalur.	10. —	Litlafjarðarhorn.
5. —	Hamar.	11. —	Hlið.
6. —	Fell.		

Str. 4. Kirkjubólshreppur.

1. Str. 4.	Kollafjarðarnes.	5. Str. 4.	Heydalsá.
2. —	Hvalsá.	6. —	Kirkjuból.
3. —	Þorpar.	7. —	Klúka.
4. —	Smáhamrar.	8. —	Gestsstaðir.

138
15. des.

9. Str. 4. Tindur.
10. — Gröf.
11. — Heiðarbær.
12. — Húsavík.

13. Str. 4. Tungugröf.
14. — Tröllatunga.
15. — Arnkötuldalur.
16. — Vonarholt.

Str. 5. Hrófbergshreppur.

1. Str. 5. Hrófá.
2. — Viðirdalsá.
3. — Þiðriksvellir.
4. — Vatnshorn.
5. — Skeljavík.
6. — Kálfanés.
7. — Hólmavík.
8. — Ós.
9. — Fitjar.
10. — Hrófberg.

11. Str. 5. Viðivellir.
12. — Aratunga.
13. — Kleppsstaðir.
14. — Kirkjuból.
15. — Hólar.
16. — Staður.
17. — Grænanes.
18. — Geirmundarstaðir.
19. — Gilsstaðir.

Str. 6. Kaldrananeshreppur.

1. Str. 6. Bólstaður.
2. — Bassastaðir.
3. — Sandnes.
4. — Hella.
5. — Kleifar.
6. — Hafnarhólmur.
7. — Gautshamar.
8. — Drangnes.
9. — Bær.
10. — Bjarnanes.
11. — Kaldrananes.
12. — Bakki.
13. — Hvammur.

14. Str. 6. Skarð.
15. — Sunddalur.
16. — Goðdalur.
17. — Svanshóll.
18. — Klúka.
19. — Ásmundarnes.
20. — Reykjarvík.
21. — Brúará.
22. — Asparvík.
23. — Eyjar.
24. — Kleifar.
25. — Kaldbakur.

Str. 7. Árneshreppur.

1. Str. 7. Kolbeinsvík.
2. — Byrgisvík.
3. — Veiðileysa.
4. — Kambur.
5. — Kúvíkur.
6. — Kjós.
7. — Reykjarfjörður.

8. Str. 7. Naustvík.
9. — Kjörvogur.
10. — Gjögur.
11. — Reykjanes.
12. — Litla-Árvík.
13. — Stóra-Árvík.
14. — Finnbogastaðir.

15. Str. 7. Bær.	22. Str. 7. Eyri.	138
16. — Árnes.	23. — Ingólfsfjörður.	15. des.
17. — Melar.	24. — Seljanes.	
18. — Norðfjörður.	25. — Ófeigsfjörður.	
19. — Krossnes.	26. — Drangavík.	
20. — Fell.	27. — Drangar.	
21. — Munaðarnes.	28. — Skjaldarbjarnarvík.	

IV. kafli.

Um notkun upprekstrarlands.

19. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal annast um, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarstaðar, þar sem fjallendi er nægilegt í hreppnum, og skal hún því jafna fjenu niður í löndin að rjettri tiltölu. Er hver fjáreigandi skyldur til, að reka geldfje sitt á fjall samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndarinnar, nema hann hafi sjálfur útvegað sjer upprekstrarland í öðrum hreppi, en þá er hann skyldur til að tilkynna það landeiganda þeim, er honum bar upprekstur hjá, í síðasta lagi 10. maí, ella gjaldi hann honum upprekstrartoll.

20. gr.

Til þess að framkvæma ákvæði 19. gr. skal hver hreppsnefnd þegar er reglugjörð þessi hefir öðlast gildi, semja reglur um notkun upprekstrarlands í hreppum.

Sá, sem er óánægður með ákvæði hreppsnefndarinnar, getur skotið máli sínu til sýslunefndar, sem leggur endilegan úrskurð á málið.

21. gr.

Í þeim sveitum, sem að álitu hreppsnefndanna, aðeins hafa upprekstrarland fyrir fje sitt, skal öllum búendum bannað að taka fje til uppreksturs úr öðrum sveitum eða sýslum. Þó má landeigandi taka jafnmargt fje til uppreksturs og þeim bar að reka í land hans, er nota rjett þann, sem veittur er í 19. gr. til þess að fá upprekstur utansveitar.

22. gr.

Í upprekstrartoll greiðast 6 aurar fyrir hverja sauðkind, hvort heldur er lömb eða rosíð, alls þess fjár, sem á fjall ber að reka, ef öðru vísi er eigi umsamið. Upprekstrartollur skal greiddur fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

V. kaffi.

Um fjallgöngur á haustum.

23. gr.

Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal rjetta sjálfan leitardaginn, nema í Melarjett, Skarðs-rjett, Staðarrjett og Árneshjett, þar sem rjetta skal að morgni, þriðjudaginn næst-an eftir. Annar leitardagur skal vera næsti miðvikudagur þar á eftir, nema í Kaldrananeshreppi, þar skal annar leitardagur vera næsti fimtudagur eftir fyrra leitardag. Annar rjettardagur skal vera sjálfan leitardaginn.

Þegar hreppsnefndin álitur það nauðsynlegt, getur hún skipað fyrir að leita þriðju leit, og ákveðið dag til þess.

24. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi. Hreppsnefnd skal leggja fjallskila-kostnað — hlutfallslega eftir fjárfjölda — á hvern þann mann í hreppnum er sauð-kindur á. Heimilt er hreppsnefnd, að meta allan fjallskilakostnað til peninga-verðs, og jafna honum niður á allar sauðkindur í hreppnum. Þegar fjallskil ein-hvers nemur hálfu dagsverki, á hreppsnefnd heimtingu á að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur.

Sá, er notar land utan hrepps fyrir fjenað sinn eða nokkurn hluta hans, skal hafa tilkynt það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri, og er hann þá undanþeginn fjallskilum þar fyrir þennan fjenað.

25. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega, í tæka tíð, semja fjallskilaseðil, þar sem hún fyrirskipar hvernig fjallgöngum og heimalandsleitum skuli hagað, skal hún útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, sem stjórnir göngum leitarmanna og annist um að alt fari vel og skipulega fram.

26. gr.

Fjallafje það, er á sumrum slangrar í kvífje manna, skal tafarlaust skilja úr og reka frá, svo það eigi verði kvífast.

27. gr.

Í fjall-leitum þeim, sem ákveðnar eru í 23. gr., skal öllu geldfje safnað til lögrjettar, bæði úr heimalöndum og upprekstrarlöndum. Heimaleitir og sundur-dráttur á bæjum skal bannaður, en þó skal hreppsnefnd hafa leyfi til að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem brýna nauðsyn ber til sakir þess, hversu sjerstaklega hagar landi og afstöðu frá rjettarstöðum. En risi ágreiningur útaf þessari undanþágu, skulu hlutaðeigendur hlíta úrskurði sýslunefndar. Geldfje

Það af öðrum bæjum, er kynni að vera saman við búsmalann leitardaginn, eru **138** hlutaðeigendur skyldir til að skilja frá og koma því fjallsafn eða til rjettar í 15. des. tæka tíð.

28. gr.

Leitarstjóri skal hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum sínum, en hreppsnefndin kærir slíkt til sekta, samt alla aðra skylduvarrækt í tilliti til fjallskila.

VI. kafli.

Um rjettarhöld og meðferð á úrtíningsfje.

29. gr.

Ein eða tvær skulu lögrjettir vera fyrir hvern hrepp á þeim stöðum, sem hjer greinir:

- Í Bæjarhreppi að Melum og Kollsá.
- Í Óspakseyrarhreppi að Snartartungu.
- Í Fellshreppi að Felli.
- Í Kirkjubólshreppi að Kirkjubóli.
- Í Hrófbergshreppi að Skeljavík og Stað.
- Í Kaldrananeshreppi að Skarði.
- Í Árneshreppi að Árnesi.

30. gr.

Valdi bygging lögrjettar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafist, koma fult endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps eftir mati óvilhallra manna, sem rjetturinn útnefnir.

31. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um að fjárrjettir sjeu í gildu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi út að hleypa fyrir en fjárdrætti er lokið.

Utanhreppsmenn skulu í þeim lögrjettum, þar sem þeir eiga von á töluverðum fjenaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka eftir nákvæmari fyrir-sögn hlutaðeigandi hreppsnefndar. Það er skylda hvers jarðarábúanda og fjár-eiganda, sem er í sjálfsmensku, að vinna að rjettarbyggingu eða aðgerð, samkvæmt fyrirskipunum hreppsnefndarinnar.

Allur slíkur kostnaður jafnast niður á hreppsbúa í hlutfalli við sauðfjáreign þeirra.

32. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar skal ávalt vera viðstaddur við rjettarhaldið,

138 eða annar, er hann til þess kveður, til þess að hafa umsjón með því, að alt fari vel og skipulega fram, og eru því allir, sem vinna ber að rjettarhaldinu, skyldir til að hlýða fyrirskipunum þeirra.

33. gr.

Rjettarstjóri skal skipa menn til þess að líta eftir því svo vel sem unt er, að fje ekki misdragist, svo sem með því að setja þá við dilksdyr þar sem hættast er við misdrætti, eða fela þeim að gæta í dilka áður en út er hleypt.

34. gr.

Rjett er að hreppsnefndir ákveði í leitarseðlinum, ef hún álitur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skuli leggja til í rjettina, og má enginn, sem skyldur er að gegna rjettarstörfum, fara fyrri en sundurdrætti er lokið, nema rjettarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til rjettarstarfa, að töf verði að, er rjettarstjóra heimilt að ráða menn upp á hans kostnað, til þess að draga fje hans.

35. gr.

Enginn má marka kindur í lögrjettum, nema með samþykki rjettarstjóra og undir umsjón hans.

36. gr.

Rjettarstjóri skal annast um, að ómerkingar sju dregnir í einn dilk jafn-óðum og þeir finnast, og skal áður en rjettarhaldinu er lokið, láta lambsmæður helga sjer dilka sína undir umsjón hans. Þeir ómerkingar, sem lambsmæður ekki helga sjer í fyrstu rjett, skulu geymdir í úrtíningi þangað til í annari rjett, en ómerkinga þá, sem enginn getur þá helgað sjer, skal þegar selja, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð. Mýjetið fje skal og selt í lögrjett, og rennur andvirði þess sömuleiðis í sveitarsjóð.

37. gr.

Rjettarbónda skal gjalda 6—12 kr. í rjettartoll árlega, eftir samkomulagi við hreppsnefnd, eða eftir mati óvilhallra manna.

38. gr.

Engum skal leyft að hleypa heimtu fje aftur á fjall fyrir síðustu fjall-leitir.

39. gr.

Skilarjettir skulu haldnar í hverjum hreppi þar og þá daga, er hjer greinir :

Í Bæjahreppi, á Melum, fimtudaginn í 24. viku sumars, og á Kollsá miðvikudaginn í 23. viku sumars.

Í Ospakseyrarhreppi, í Snartartungu, laugardaginn í 24. viku sumars.

Í Fellshreppi, að Felli, föstudaginn í 24. viku sumars.

Í Kirkjubólshreppi, á Kirkjubóli, fimtudaginn í 24. viku sumars.

Í Hrófbergshreppi, á Stað, miðvikudaginn í 23. viku sumars, og Skeljavík fimtudaginn í 24. viku sumars.

Í Kaldrananeshreppi, á Skarði, föstudaginn í 24. viku sumars

Í Árneshreppi, í Árnesi, fimtudaginn í 24. viku sumars.

138
15. des.

40. gr.

Úrtíningur úr fyrstu og annari rjett skal forsvaranlega geymdur hjá þeim, sem hreppsnefndin ákveður, þar til eigendur vitja hans og síðasti úrtíningur til skilarjettardags. Borgun fyrir gæslu úrtínings er 4 aurar fyrir hverja kind um sólarhringinn, er greiðist þegar kindin er afhent, og er ekki skylt að sleppa óskilafje, nema gæslukostnaður sje borgaður.

41. gr.

Alt það utansveitarfje, sem kemur fyrir í hreppnum eftir leitir, en fyrir skilarjettardag, skal rekast bæ frá bæ, þangað sem úrtíningur er geymdur, og geymast ásamt honum. Sá, sem sleppir rekstri eða fer óforsvaranlega með hann, sæti sektum og greiði auk þess skaðabætur, ef sannað verður að kind hafi farist fyrir vanrækslu hans. Innansveitarfje skal rekast bæ frá bæ skemstu leið til eiganda, einnig það sem finst eftir skilarjett.

42. gr.

Uppboð á úrtíningsfje því, sem ekki spyrst upp í skilarjett eða ekki verður komið til eiganda, skal haldið að nóni sjálfan skilarjettardaginn.

43. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverri sveit eftir afstaðnar skilarjettir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörslum hreppsnefndarinnar, sem annast um að eigendunum verði við fyrsta tækifæri gert aðvart um það. Hafi eigendur ekki leitt sig að kindum þessum á Marteinsmessu, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst almenningi í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilarjettir, og enginn þekkir eigendur að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er birt sje á lögboðinn hátt í hreppnum.

44. gr.

Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt og eigendur þekkjast eigi að, skal við lok hvers árs sendast oddvita sýslunefndarinnar og skal

138 hann sjá um, að lýsingar þessar sjeu auglýstar í Lögbirtingablaðinu. Hver sá, 15. des. sem sannar eignarrjett sinn að hinu selda fje, fær andvirði þess að frádregnum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir næstu septemberlok.

VII. kafli.

Um smalanir.

45. gr.

Mánudaginn í 11. viku sumars skal á vori hverju í öllum hreppum sýslunnar fram fara almenn smölun á sauðfje til rúningar. Skal þá ábúandi hverrar jarðar leita vandlega heimaland sitt og hirða alt órúíð fje, er í því kann að finnast og koma öllu afbæjarfje í skilarekstrum áleiðis til eiganda, ella rýja órúíð fje og skila eigendunum ullinni og marka ómörkuð lömb undir mark eiganda. Auk þess er hreppsnefndum heimilt að fyrirskipa fleiri smalanir á vori á þeim tíma, er henni þykir henta, og sömuleiðis svo oft, sem þeim þurfa þykir eftir skilarjettir að haustinu, og er þá öllum fjáreigendum jafn skylt að hlíta fyrirskipunum hreppsnefndanna í þessu efni eins og að því er snertir fjallskil að haustinu.

VIII. kafli.

Um ótamin hross.

46. gr.

Hrossaeigendur skulu skyldir til að hafa greinilegt eyrnamark á öllum hrossum veturgömlum og eldri, þeim er sjálfala ganga.

47. gr.

Skyldur skal hver maður að koma öllum sínum ótömdum hrossum á af-rjett eða til fjalls svo snemma á vori hverju, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd álitur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt að hafa hross þessi í heima-högum frá því þau eiga að rekast og til rjetta á hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti ómögulegt að fá handa þeim fjallland fyrir sanngjarna borgun, ellegar að heimalandi trippæiganda sje svo varið, að hann geti öðrum skaðlaust haft þau heima.

48. gr.

Öllum ótömdum hrossum skal smala til rjetta í annari leit. Hross þau, sem eftir verða þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafje (sbr.

40. gr.). Þá skulu þau seld með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir sölundag, og 6 vikna innlausnarfresti eftir sölundag. 138

Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrir en að innlausnarfrestur er liðinn; gjaldfrestur á söluverði er einnig 6 vikur. 15. des.

Vöktunarkostnaður fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 25 aurum á sólarhringinn, nema hrossin komi á hús og hey.

49. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2 til 50 króna sektum, er allar renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, nema þar sem öðruvísi er ákveðið hér á undan.

Með mál, sem rísa útaf brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

50. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugjörð fyrir Strandasýslu frá 14. júlí 1893, sömuleiðis breytingar og viðaukar við sömu reglugjörð frá 14. júlí 1898 og frá 25. júlí 1903.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1915.

Í stjórnarráði Íslands, 15. desember 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.